

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

SEPTEMBER 2006



9. tbl. 13. árg.



Lyf & heilsa
Mjódd
Opið virka daga 9-18:30 og laugardaga 10-14

Dælulykill
Ekkert PIN
Meiri hraði
Lægra verð
www.atlantsolia.is
AO
ATLANTSOLÍA



Lyfjaval
APÓTEK
Lyfjaval.is
Sími 577 1166

„Litróf - kirkjan fyrir alla“

-tilraunaverkefni með nýbúum í Breiðholti

Tilraunaverkefni með fólki af erlendum uppruna er nú hafið í Breiðholti. Fella- og Hólakirkja stendur fyrir verkefninu í samvinnu við stofnanir í hverfinu. Tæplega sjö af hundraði íbúa Breiðholtsins eru af erlendum uppruna. Í Efra Breiðholti eiga liðlega níu af hundraði íbúanna sér uppruna í öðrum löndum og ríflega fimm af hundraði íbúa Neðra Breiðholts.

Alls búa 332 manns af pólsku bergi í Breiðholti, 190 manns áttaðir frá Filippseyjum, 92 frá

Taílandi, 83 frá Danmörku, 51 frá Bandaríkjum Norður Ameríku, 33 frá Nepal og 29 frá Portúgal. Um 28% leikskólabarna í Efra Breiðholti eru af erlendum uppruna og um 13% í Neðra Breiðholti. Þá eru um 23% nemenda Fellaskóla af erlendum uppruna en færri í öðrum grunnskólum í Breiðholti. Þessar tölulegu upplýsingar komu fram í erindi Eddu Ólafsdóttur, verkefnisstjóra hjá Félagsmiðstöð Miðborgar og Hlíða, á málþingi sem haldið var í Fella- og Hólakirkju sl. laugardag.

Málþingið var haldið í tengslum við tilraunaverkefnið en markmið þess er að ná til sem flestra af nýbúum hverfisins. Svavar Stefánsson, sóknarprestur í Fella- og Hólakirkju segir þetta verkefni hafa verið undirbúið í góðri samvinnu við stofnanir og einstaklinga, sem hafa reynslu á þessu sviði og einnig í samvinnu við fólk sem flust hefur hingað til lands og búið hér í lengri eða skemmri tíma. Hann segir ýmislegt hafa verið gert til þess að auðvelda fólki frá öðrum löndum

aðlögun að hinu nýja samfélagi sem það hafi kosið að búa í en alltaf megi gera betur í því efni sem öðru. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri sagði m.a. í ávarpi þegar hann setti málþingið að reynsla annarra þjóða sýni að málefni innflytjenda geti verið eldfim og nauðsynlegt að auka möguleika á að komast hjá mörgum þeim vanda- málum sem aðrar þjóðir hafi orðið að glíma við. Það sé þakkavert að Fella- og Hólakirkja hafi nú tekið frumkvæði í þessum málum undir heitinu „Litróf - kirkjan fyrir alla“ með það að markmiði að auka samskipti íbúanna á svæðinu, brjóta múra og rjúfa einangrun þannig að skapist betra líf fyrir alla íbúana. Í viðtali hér í blaðinu segir Ragnhildur Ásgeirsdóttir djákni m.a. að fram hafi komið að fólk sé jákvætt gagnvart því að kirkjan stigi þetta skref í samvinnu við þjónustumiðstöðina í Breiðholti og fleiri stofnanir í Breiðholti.



Frá málþinginu í Fella- og Hólakirkju sl. laugardag. Fremst má sjá, Svavar Stefánsson, sóknarprest í Fella- og Hólakirkju, Ragnhildi Ásgeirsdóttur djákna og Hope Knútsson, sem hefur búið í mörg á hér á landi og látið málefni nýbúa til sín taka.



nytt heimili
www.nytt.is
fasteignasala
reynir erlingsson, löggiltur
fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
414 6600

Apótekið í Hólagarði er opið:
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

 **Apótekið**
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

**Útsala á
lambakjöti**



Þín verslun

SELJABRAUT 54 • Sími 557 1780 - 577 1788

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík
Sími: 511 1188 • 561 1594
Fax: 561 1594

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298
Netfang: borgarblod@simnet.is
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími: 551 1519 • 893 5904
Netfang: thord@itn.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Prentsmiðja Morgunblaðsins
Dreifing: Íslandspóstur
9. tbl. 13. árgangur
Breiðholtsblaðið er gefið út í 9000 eintökum og dreift
frítt í hvert hús í Breiðholti.



Árásir og eiturlyf

Áð undanfögnu hefur borið á grófum árasum eða tilraunum til árasa í Breiðholti. Á dögunum var öryggisvörður stunginn í bakið í verslun Select við Suðurfell og litlu síðar gerði ungur maður tilraun til ráns í Leifssjoppu í lðufelli þar sem hnífi og hótunum um dráp var beitt þótt drengurinn hogaði af hólmi. Nokkru áður þurfti lögregla að hafa afskipti af vopnuðum mönnum er voru á ferð í Elliðaárdal og beita varð hörku til þess að afvopna þann sem hélt um skotvopn. Þótt árásir og rán af þessum toga séu ekki nýmæli þá hafa þau færst í aukana að undanfögnu. Lýkur eru til að fíkniefni séu með í för á einn eða annan hátt og grófar líkamsmeiðingar framdar af mönnum í vímu eða í heljargreipum fráhrerfseinkenna þegar ekkert kemst annað að en næsti skammtur hvernig sem hann er fenginn.

Þótt unnið hafi verið gegn útbreiðslu og neyslu fíkniefna að undanfögnu virðist sem baráttan hafi ekki undan. Sölumenn dauðans eru sífellt á vakt. Þeir una sér ekki hvíldar en leita stöðugt nýrra fórnarlamba, ungs fólks sem virðist tilbúið til þess að ganga því helvíti á hönd sem neysla fíkniefna í flestum tilfellum er.

En hvar er orsakanna að leyta? Eflaust víða. Eru þær ef til vill að finna í samfélagsgerðinni sjálfri? Ljóst er að ráðast verður gegn fíkniefnavandanum frá mörgum hliðum. Eitt er að koma í veg fyrir innflutning, framleiðslu og sölu þeirra með áhrifaríkum þætti. Annað er að ráðast að markaðnum sjálfum. Leita orsaka fyrir því að ungt fólk leggur út á þessa braut og finna út hvort og hvernig unnt væri að deyfja orsakir þess og draga úr þeim áhuga.

Enginn verður óhultur á meðan vitstola fólk af vímuefnaneyslu eða af kvalræði fráhrerfseinkenna slíkrar neyslu gengur um og svífst einskis til þess að komast yfir næsta skammt. Og ekki er nóg að taka þetta fólk úr umferð. Sölumennirnir verða að hverfa af vettvangi og síðast en ekki síst verður að skoða þann jarðveg sem elur af sér fólk sem kýs að ganga götu dauðans með þessum hætti.

Allar aðgerðir útheimta fjármuni. En á móti því má ekki gleymast sá mikli skaði sem jafnan hlýst af neyslu fíkniefna ef allt er talið. Þeir sem ráðstafa opinberum fjármunum verða að horfast í augu við þann veruleika. Afbrotin sem þessu fylgja snerta íbúa Breiðholtsins jafnt sem aðra eins og þeir hafa fengið að reyna undanfarna daga.

MYNDLISTASKÓLINN www.myndlistaskolinn.is
Í REYKJAVÍK sími 551 1990



Skráning á myndlistanámskeið fyrir börn og fulloröna stendur yfir !

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Hraðakstur í Arnarbakka

Lögreglumenn á bifhjólum voru við hraðamælingar í Arnarbakka í Breiðholti fyrir skömmu. Þar er mikil umferð og ekki síst gangandi vegfarenda en þarna fer hópur skólabarna um á hverjum degi. Í frétt frá lögreglunni í Reykjavík kemur fram að ekki virtust ökumenn taka neitt sérstakt tillit til þess því tíu voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur. Nær allir þeirra, eða níu, öku á meira en tvöföldum leyfilegum hámarks hraða sem er 30 km. Hinir sömu eiga nú yfir höfði sér ökuleyfisviptingu og fjársekt að auki.

Yfir 90% foreldra ánægð

Yfir 90% foreldra í Reykjavík eru ánægð með þjónustu dagforeldrisins. Þetta kemur fram í viðhorfsskönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði meðal foreldra barna hjá dagforeldrum í júní sl.

Könnunin sem náði til á sjötta hundrað foreldra leiddi í ljós að flestir foreldranna höfðu þegið þjónustu dagforeldris í sjö mánuði eða lengur. Mikill meirihluti foreldranna var þó þeirrar skoðunar að ekki hefði verið úr nógu mörgum dagforeldrum að velja þegar leitað var eftir vistun fyrir börnin og rúmur þriðjungur foreldra hafði barn sitt hjá dagforeldri í öðru hverfi en þar sem þeir byggja og störfuðu. Rúmur helmingur svarenda sagðist fremur hafa kosið vistun fyrir barnið í leikskóla en hjá dagforeldri eða 260 foreldrar. Töldu foreldrar að í leikskóla væri kostur á öruggari vistun og skipulagðara starfi. Rúm 80% foreldra sem völdu dagforeldra fram yfir leikskóla gerðu það vegna þess að þeim fannst barnið of ungt, en 75% þeirra voru 12 mánaða eða yngri.

Fjölskyldustefna í Reykjavík

Samþykkt hefur verið tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um að hafin verði vinna að mótun fjölskyldustefnu fyrir Reykjavík. Markmið með mótun fjölskyldustefnu er að tryggja að við alla stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð á vettvangi Reykjavíkurborgar sé sérstaklega gætt að hagsmunum barna, unglunga og fjölskyldna. Fjölskyldustefnan skal vera skýr stefnumótun um framtíðina en þó lifandi plagg sem er endurskoðað reglulega til að vera í takt við tíðaranda og samfélagsbreytingar.

Í greinargerð með tillögunni segir að fjölmargir aðilar, sveitarfélög, fyrirtæki og félagasamtök, hafa mótað sér sérstaka fjölskyldustefnu í því skyni að fjölga tækifærum fólks til að rækja skyldur sínar við fjölskylduna í annasömu umhverfi nútímans. Reykjavíkurborg, sem stærsta sveitarfélag landsins, sem rekur margháttða þjónustu fyrir borgarana á sviði fræðslumála, íbrotta- og tómstundamála og velferðarmála, auk þess að vera einn stærsti vinnustaður landsins, hefur ekki mótað sér heildstæða fjölskyldustefnu. Nýr meirihluti í Reykjavík telur það lykilatriði við þróun þjónustu borgarinnar til framtíðar að þetta verkefni fái forgang og að fyrir liggji skýrt hvert stefna ber í málefnum fjölskyldanna í borginni. Með það að leið-

arljósi að gera Reykjavík að fyrsta flokks fjölskylduborg er lagt til að vinna verði hafin við að móta heildstæða fjölskyldustefnu sem taki sem best mið af þörfum, þjónustu og umhverfi reykviskra fjölskyldna.

Kóngsbakki 1 til 15 fær viðurkenningu

Fjölþýlishúsið við Kóngsbakka 1 til 15 hefur fengið viðurkenningu fyrir vel heppnað skipulag á leik- og dvalarsvæðum á fjölþýlishúsalóð en alls voru sjö viðurkenningar veittar að þessu sinni. Venja er að á afmæli Reykjavíkurborgar þann 18. ágúst að veita viðurkenningar fyrir endurbætur á eldri húsum og fyrir fallegar stofnana-, fyrirtækja- og fjölþýlishúsaloðir. Skipulagsráð Reykjavíkurborgar veitir viðurkenningar eftir tilnefningar frá vinnuhópi sem í sátu: Björn Axelsson, landslagsarkitekt, umhverfisstjóri hjá skipulagsfulltrúa, Margrét Þómar, hverfisarkitekt hjá skipulagsfulltrúa, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður, Minjasafni Reykjavíkur, Þórólfur Jónsson, landslagsarkitekt, garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar, Oddný Sturludóttir skipulagsráði og Stefán Þór Björnsson skipulagsráði.

Skemmdir við Bónusvídeo

Skemmdir voru unnar á húsnaði Bónusvídeos við Lóuhóla í lok ágúst. Krotað var á vegg og glugga og nam kostnaður við hreinsunina um tuttugu til þrjátíu þúsund krónum. Málinu var vísað til lögreglu og að í framhaldinu verða settar upp myndavélar við húsið. Mál sem þessi koma því miður oft upp á haustin þegar skólar byrja en vonandi verður ekki framhald á þessu eftir að þeim sem hyggjast vinna verk af þessu tagi eiga á

hættu að þekkast á myndum.

Á 16. hundrað í fyrsta bekk

Á sextánda hundrað börn hófu nám í fyrsta bekk í grunnskólum Reykjavíkur á þessu hausti. Alls munu 15.155 börn stunda nám í grunn skólum í Reykjavík í vetur.

Árbæjarskóli er fjölmennasti grunnskólinn á þessum vetri með hátt í 800 nemendur á öllum bekkjastigum. Fámennasti skólinn er nýr grunnskóli á Norðlingaholti með um eitt hundrað nemendur, en þar verður kennt í 1. til 8. bekk í vetur.

Reykjavík og Vilínús

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og Arturas Zuokas borgarstjóri í Vilínús hafa undirritað samning um vinabæjar tengsl höfuðborganna tveggja. Með samningnum verður leitað við að efla allt samstarf milli borganna tveggja á sviði mennta-, vísinda-, viðskipta- og velferðarmála. Næsta vor mun borgarstjórinn í Reykjavík fara fyrir viðskipta-sendingefnd til Vilínúsar með það fyrir augum að efla viðskipta tengsl milli þessar tveggja borga og landa. Þá er ráðgert að halda skákmót á internetinu næsta sumar þar sem skáksveitir frá borgunum tveimur munu etja kappi.



FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -

● Suðurlandsbraut 50 • 108 Reykjavík
● Sími: 533 4300 • Fax: 568 4094
● www.husid.is • husid@husid.is



Sveinsbakari
ARNARBAKKA 4-6 • SÍMI: 557 2600



Mikið úrval af grófu brauði

BREIÐHOLTSDAGURINN

Laugardaginn 30. september 2006



Fjölskyldan skemmtir sér saman á Breiðholtsdaginn. Sýnum, skoðum, hittumst og skemmtum okkur saman í Mjóddinni á Breiðholtsdaginn.

Atriði á sviði í göngugötunni í Mjódd frá kl. 13:00-15:00

- Söngatriði leikskólabarna frá nokkrum leikskólum í Breiðholti
- Borgarstjórinn í Reykjavík flytur ávarp
- Grunnskólabörn afhenda borgarstjóra niðurstöður frá Barnaþingi Breiðholts
- Snorri Snorrason Idolstjarna syngur nokkur lög
- Danssýning dansdeildar ÍR
- Söngatriði eldri borgara úr Árskógum og og Gerðubergi
- Fjölbjóðlegur kvennakór kemur fram í fyrsta skipti
- Verðlaunaafhending, Ljósmyndasamkeppnin Betra Breiðholt

Aðrir viðburðir og sýningar í Mjóddinni frá kl. 13:00-16:00

- Ljósmyndasýning, myndir úr ljósmyndasamkeppninni Betra Breiðholt
- Ljósmynda- og listaverkaasýning leikskólabarna úr Breiðholti
- Sýning á niðurstöðum grunnskólabarna í Breiðholti frá Barnaþingi Breiðholts
- Íþróttafélögin í Breiðholti kynna starfsemi sína
- Félagsmiðstöðvar eldri borgara í Breiðholti, Gerðuberg og Árskógar kynna starfsemi sína
- Frístundamiðstöðin Miðberg kynnir starfsemi sína
- Sölubásar með ýmsum varningi
- Leiktæki fyrir börnin
- Veitingar
- Fjöldi fyrirtækja í Mjóddinni með tilboð og útsölur í tilefni Breiðholtsdagsins

Betra-Breiðholtsskokkið kl. 15:00

2 km (ganga, skokk, hlaup, hjóltreiddar) Byrjað og endað við göngugötuna í Mjódd. Allir sem klára fá bol með nýja „BETRA BREIÐHOLT“ merkinu. Atlantsolía hf greiðir 200 kr. þátttökugjald yfir alla sem hlaupa og rennur fjárhæðin til styrktar umsjónarfélagi einhverfra.



V I Ð T A L I Ð

Umhverfismálin eru engum óviðkomandi

Jónína Bjartmars tók við embætti umhverfisráðherra á liðnu sumri. Hún hefur átt sæti á Alþingi um árabil en tók þar á undan þátt í margvíslegu félagsstarfi, gegndi m.a. formennsku í samtökunum Heimili og skóli um árabil og stóð að stofnun FKA- Félagi kvenna í atvinnurekstri og var fyrsti formaður þess. Hún segir starf sitt að félagsmálum hafa leitt til að hún hóf að starfa á vettvangi stjórnmálanna og síðar þá ákvörðun að gefa kost á sér til setu á Alþingi. Jónína er Breiðholtsbúi. Hún flutti í Seljahverfið fyrir tæpum tveimur áratugum árum ásamt eiginmanni sínum, Péttri Þór Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, og sonum þeirra tveimur, Birni Orra og Erni Skorra.

Tengslin við náttúruna drógu mig að Seljahverfinu

„Seljahverfið er fyrir löngu orðið að heimkynnum mínum. Ef ég lít til síðari ára, þeirra sem ég hef starfað í pólitíkinni, þá er Breiðholtið mín heimahöfn.“ Jónína segir þau hjónin hafa verið búin að leita nokkuð eftir húsnaði í útjaðri byggðar þegar Seljahverfið hafi orðið fyrir valinu. „Við vorum að leita að framtíðarhúsnaði og sem líkustum aðstæðum og við höfðum alist upp við en fjölskylda mín bjó um tíma í útjaðri byggðar í Kópavogi þaðan sem stutt var í opin svæði, náttúruna og jafnvel húsdýr, sem menn bjuggu þá

með í bæjarlandinu. Það var fyrst og fremst kyrrðin og nálægðin við opin svæði og náttúruna sem urðu til þess að við settumst að efst í Seljahverfinu í Vatnsenda-hvarfinu. Annars er ég innan úr Hverfi eins og það heitir á milli þeirra sem ólust upp í Bústaða- og Smáibúðahverfinu og mér finnst ég alltaf tilheyra þeim hluta borgarinnar.“ Jónína segir að nokkuð vítt til hafi verið til veggja í Seljahverfinu lengi framan af en umhverfið hafi vissulega breyst mikið á þeim nær tveimur áratugum sem þau hafi búið þar. „Þar sem áður voru óbyggð svæði allt í kring hefur byggðin í Kópavogi teygst sig nú. En það hefur verið gott að búa í Breiðholti, synir okkar hafa alist þar upp og voru þar bæði í leikskóla, á Hálsaborg og síðan í Ölduselsskóla og ég hef kynntist aðstæðum fólks í hverfinu ekki síst gegnum starf mitt að skólamálum“.

Jónína segir nauðsynlegt fyrir stjórnmálamenn að huga að heimahögunum og gefa aðstæðum í heimabyggð glögggt auga. Breiðholtið sé stærsta borgarhverfið í Reykjavík, einkonar borg í borg. „Mér finnst stundum einblínt um of á 101 svæðið og fólkið sem þar býr en stóru út-hverfunum ekki gefinn sá gaumur sem þeim ber. Ég hef verið upptekin af og hvatt til að stuðnings við verslun og þjónustu innan hverfisins vegna þess að mér finnst það skipta mjög miklu máli fyrir íbúana og ekki síður hverfis-samfélagið sem heild“



Jónína Bjartmars umhverfisráðherra.

Viljum geta verið stolt af heimahögunum

Jónína segist einnig láta sér mjög annt um útlit Seljahverfisins og raunar alls Breiðholtsins. „Ég tók því yfirlýsingum nýlega kjörins borgarastjóra um fegrunaráttak mjög fagnandi og ég vona að þessu átaki verði fylgt eftir en mér hefur fundist Breiðholtið hafa orðið útundan mörg undanfarin ár.“ Jónína segir að margir staðir innan Seljahverfisins, þar sem hún fer daglega um, beri þess glögglega merki að þeim hafi ekki verið sinnt. „Ég held að ef þessu átaki borgarstjóra verði fylgt eftir þá verði það hvatning fyrir íbúana til þess að leggja enn meiri rækt við sína eigin garða og umhverfi húsa sinna. Ég tel einnig mikilvægt að hafa góða umhirðu og umgengni um umhverfið fyrir ungu fólki sem verði því hvatning til þess að tileinka sér snyrtimennsku.“ Ég vil hvetja borgaryfirvöld til þess að láta ekki staðar numið við átakið á liðnu sumri heldur að halda þessu tímabæra og merkilega starfi áfram af fullum fullum krafti. Ég vil að við getum verið stolt af hverfinu okkar hvort sem um umhirðu þess og útlit eða aðra þætti er að ræða og vil leggja mitt af mörkum til þess að svo geti orðið.“

Skólinn og samfélagið

Jónína var á sínum tíma í forsvari fyrir foreldrasamtökin Heimili og skóli auk þess að

SKÓOVERSLUN Í ÞÍNU HVERFI

Loðfóðruð stígvél



Stærðir 25-35 Verð kr: 4.795.-



Með hverju keyptu pari fylgja inniskór að eigin vali á barnið!



Gabor
fashion

Vandaðir skór á alla fjölskylduna í stærðum 16 - 50

XENA

MJÓDDINNI S: 557 1291



XENA

SPÖNGINN S: 587 0740

koma víða að skóla- og félagsmál- um innan hverfisins. Hún segir að í sínum huga sé þátttaka í for- eldrastarfi skólanna ákveðin grunnur að þátttöku fólks í lýð- ræðissamfélaginu. Fólk taki höndum saman á vettvangi skól- ans til þess að huga að aðstæð- um barna sinna, kjörum og að- stæðum starfsfólks skólanna og öðrum forsendum góðs skóla- starfs. „Samstarf heimila og skóla er mikilvægt fyrir þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ung- linga og með auknu samstarfi hefur orðið mikil breyting til batnaðar. Við hjá Heimili og skóla höfðum bæði forgöngu um að hvetja og stuðla að samstarfi foreldra og skóla en jafnframt að samskiptum og samstarfi for- eldra innbyrðis og þaðan eru komnar þessar meginreglur sem flestir eru sammála um í dag eins og þær að virða útivistartímann, leyfa ekki foreldralaus party o.fl.“ Og barna fannstu þína leið að stjórnmálunum? „Já - þarna voru fyrstu skrefin stigin í átt til þess að ég gaf síðar kost á mér í kos- ingum til Alþingis. En ég fékk ein- nig hvatningar úr ýmsum áttum. Það lagðist allt á eitt.“

Frjálslynd miðjustefna höfðaði til mín

Þegar að því kom hjá Jónínu að stíga skrefið til fulls og hefja afskipti af stjórnmálum vaknar sú spurning hvað hafi komið konu uppalinni í Kópavogi og innan úr „Hverfi“ og þá búsettri í Breiðholti­nu að gera Framsókn- arflokkinn að sínum pólitíska vettvangi. Flokk sem í gegnum tíðina hefur átt sér fastari rætur á landsbyggðinni og í byggða- málum en í málefnum þéttbýlis- ins. „Það kom aldrei annar flokk- ur til greina en Framsóknarflokk- urinn enda eini stjórnmálaflokk- urinn sem ég hef starfað með. Það er frjálslynd og öfgalaus miðjustefna Framsóknarflokks- ins sem féll að minni lífsýn og ég vildi leggja lið. Stefna Framsókn- arflokksins snýst m.a. um að standa vörð um kjör og aðstæð- ur fólks um allt land á heildræn- an hátt sem er jafnframt ein ástæða þess Framsóknarmenn hafa svo lengi verið í forystu í ís- lenskum stjórnmálum. Það hafa orðið mjög hraðar breytingar á öllum sviðum þjóðlífsins á þeim tíma sem liðin er frá stofnun Framsóknarflokksins og áfram er verkefnið að aðlaga samfélagið breytingum, sækja fram um leið og við treystum grunn samfé- lagserðarinnar.“

Vinna og velferð helst í hendur

Jónína segir að eitt af því sem haldast verði í hendur í samfé- laginu sé velferð og atvinna. „Við byggjum ekki upp samfélag þar sem almenn velferð ríkir nema tryggð sé full atvinna fyrir fólk og tekjur fyrir fjölskyldur og rík- issjóð. Vöxtur í efnahagslífinu er forsenda þess að hægt sé að byggja upp velferð og viðhalda henni. Til að geta fætt og klætt fjölskylduna þarf tekjur og það sama gildir um rekstur þjóðar- búsins. Í pólitískri afstöðu felst því oft spurning um hvernig fólk vill tvinna þetta saman. Við fram- sóknarmenn leggjum líka megin- áherslu á að tryggja öllum jöfn tækifæri og að hver og einn fái notið hæfileika sinna hversu ólík- ir sem þeir kunna að vera og við höfum innbyrðis baráttu stétt- anna jafnt sem óheftri einstak- lingshyggju. Það á ekki að vera svo í stjórnmálunum að tveir andstæðir pólar takist stöðugt á, þannig að allt sé rétt og satt sem kemur frá annarri hliðinni en flest rangt sem sagt sé á hinum vængnum. Í stjórnmálum tel ég mikilvægt að temja sér ákveðna höfsemi og það að við stjórn- málamennirnir getum sett okkur í spor þeirra sem eru á annarri skoðun en maður sjálfur,“ segir Jónína og bætir við að gott jarð-

samband og traust fót festa séu þættir sem hafa verði í huga dag hvern í stjórnmálavafstrinu.

Nýta reynslu og láta gott af sér leiða

Jónína segir að hugsjónir hennar, áhugamál og lífsýn hafi leitt hana til þátttöku í stjórnmálum. „Komin vel af barnsaldri er það ekki persónulegur metn- aður eða þörf og þrá eftir völd- um sem hvetur til dáða á vett- vangi stjór­nálanna. Það sem knýr mann áfram er áhuginn á því að láta gott af sér leiða og nýta menntun og áralanga reynslu sem maður hefur aflað sér úr daglegu lífi, starfi og þátt- töku í félagsmálum. Ég taldi að með því að taka þátt í stjórnmál- um þá gæti ég nýtt mér marg- háttaða reynslu til þess að koma ýmsu góðu til leiðar“.

Samspil manns og náttúru

Með þennan bakgrunn ertu komin í umhverfismálin, mála- flokk sem mikið er til umræðu um þessar mundir og síður en svo allir á einu máli um. „Já - það er rétt og umræðan hefur verið nokkuð einsleit síðustu vikur og mánuði og nær einvörðungu snú- ist um framkvæmdirnar sem nú standa yfir á Austurlandi. Að því leyti hefur hún verið villandi því hún gefur ekki rétta mynd að þeim fjölmörgu viðfangsefnum sem við erum að vinna að, nátt- úruverndinni og öðrum málum sem varða samspil manns og náttúru í anda sjálfbærrar þróun- ar. Ég hef sagt að við eigum að nýta náttúruauðlindir okkar. Og þá er ég ekki aðeins að tala um vatnsafl og jarðvarma heldur all- ar okkar auðlindir þar með talið ósnortin víðerni íslenskrar nátt- úru. Þau eru ein auðlinda okkar sem okkur ber að standa vörð um og þau geta skapað okkur miklar tekjur ef vel er að verki staðið. Atvinnulega séð eigum við að varast að vera með öll eggin í sömu körfu. Við munum þá tíð vel þegar atvinnulífið var einhæft og afleiðingar þess á ís- lenskt efnahagslíf og kjör fólks í landinu. Við megum ekki leggja allt undir einhverja eina atvinnu- grein. Í því felst allt of mikil áhætta.“

Vatnajökulssvæðið er mikilvægast

Jónína kveðst oft hafa velt því fyrir sér hvað framtíð er verið að boða þegar farið er hamförum gegn nýtingu náttúruauðlinda eins og átt hefur sér stað að und- anförnu. Í þeim hugmyndum felist afturhvarf til þeirra tíma þegar efnahagslífið snérist um einn atvinnuveg, fiskveiðarnar og þær sveiflur og efnahagsvand- ræði sem því fylgdi og fólki á miðjum aldri ætti að vera í fer- sku minni. „Við snúum þróuninni ekki við og vil hljótum að ætla áfram sem hingað til og nýta okkur náttúruauðlindirnar og þau

efnahagslegu tækifæri sem þær fela í sér. En við verðum líka að búa í haginn vegna nýtingar þeir- ra og við megum ekki ganga á þau og spilla þeim. Það þarf að ljúka rannsóknum sem verið er að vinna að og það þarf að bygg- ja undir og undirbúa að við get- um tekið á móti fleiri ferðamönn- um.“ Jónína segir að af öllum þeim gersemum sem liggja í landinu þá sé Vatnajökulssvæðið mikilvægast. „Ég vonast til þess að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs verið að lögum á komandi þingi. Hann mun ná til ríflega 10% alls flatarmál landsins og vera lang stærsta verkefnið til þessa í ís- lenskri náttúruvernd. Það er tal- að um að innan hans verði m.a. öll Jökulsá á Fjöllum frá jökli til ósa í Axarfirði. Ég hef í hyggju að beita mér fyrir frekari skrefum á grundvelli náttúruverndaráætl- unar. Eitt þeirra svæða sem þar er stefnt að verndun eru fjörunar í Skerjafirði og Álftanesi. Þá mun ég leggja til breytingar á Alþingi í haust á skipulags- og bygginga- lögum, þar sem greint verður á milli skipulagslaga og sérstakra mannvirkjalaga sem er ætlað að bæta eftirlit með húsbyggingum og koma í veg fyrir fúsk og byg- gingagalla sem of oft veldur íbúðakaupendum ómældu tjóni.“

Umhverfismálin eru engum óviðkomandi

Jónína segir nauðsynlegt að víkka umhverfisumræðuna og fá fleiri aðila til þess að taka þátt í henni. „Við þurfum að stokka spilin upp og efla þátttöku alls almennings í umræðu um um- hverfismál í viðum skilningi. Ég hef að gefnu tilefni hugleitt hvort ekki sé vert að finna starfi Stað- ardagskrár 21, framkvæmdaáætl- un sveitarfélaganna í umhverfsi- málum annað heiti sem skýri sig sjálft og þar með það starf sem hún stendur fyrir. Þetta er eitt dæmið um stofnanahugtak og þýðingu á aðþjóðlegu hugtaki sem alltof fáir vita hvað merkir og þarafleiðandi ekki hver að- koma almennings er. Nú er búið að vinna mjög góða vinnu á þessu sviði og þá ekki síst á vett- vangi sveitarstjórnarstigsins en heitið er eitt af því sem þarf að endurskoða um leið og undirbú- ið er að blása til nýrrar sóknar.“ Jónína segir að vandinn við orð- notkun á sviði umhverfismála þann að hún sé sérfræðileg og erfitt að finna hugtök sem séu nægilega almenns eðlis til þess að þau nái góðri fótfestu í málinu og þar með í umræðunni. „Um- hverfismálin varða alla og þeir sem eru að starfa á þessu sviði að ég tali ekki um þá sem hafa forgöngu með höndum. Þeir verða að tala tungumál sem allir skilja. Umhverfismálin snúast ekki eingöngu um stjórnvöld og stjórnvaldsaðgerðir þau eru okk- ar allra, hvar sem við búum,“ segir Jónína Bjartmarz umhverf- isráðherra.



Öruggari Netverslun

Verified by
VISA

VISA Ísland - Greiðslumiðlun hf.
VISA húsinu Laugavegi 77 101 Reykjavík Sími 525 2000 www.visa.is

STÆRÐARINNAR

PIZZUTILBOÐ FYRIR FÓLK MEÐ MATARLYST

Stór Pizza með 2 áleggjum að eigin vali, brauðstangir og sósa

Stór Pizza með 3 áleggjum að eigin vali.

1.390.- EF ÞÚ SÆKIR

Mjódd Dalbraut 1 Hjarðarhaga 45

PÖNTUNARSÍMI

5 68 68 68

ÍSBUÐIN HJARÐARHAGA

Peir sem sækja í Hjarðarhagann fá 1 lítra af ís á 299 krónur

TRÚÐAÍS 150.-

Í heimi blárra, gulra og brúnna tóna



Nokkrar mynda Sigurbjörns í Boganum í Gerðubergi.

Sigurbjörn Kristinsson opnaði myndlistarsýningu í Boganum, Gerðubergi 15. september sl. Sýningin nefnir hann einfaldlega Kompósísjónir. Sigurbjörn stundaði nám við Handíða- og myndlistaskólann á árunum 1947 til 1949 en þaðan lá leið hans til Kaupmannahafnar þar sem hann stundaði nám við Statens Museum for Kunst og bætti síðan við ári á listamanna-slóðum Íslendinga í París. Hann opnaði sína fyrstu einkasýningu í Reykjavík og hefur síðan sett upp nokkrar einkasýningar auk þess sem hann hefur tekið þátt í samsýningum hér á landi og erlendis.

Sigurbjörn hefur í gegnum tíðina stundað myndlistina í hjáverkum en lengst af haft húsamálun og bílasprautun að aðalstarfi. Þótt hann hafi aðeins unnið að myndlistinni í frístundum hefur það tæpast skaðað sköpunargáfu hans né þroska hans sem myndlistarmanns. Meðferð hana á formum og litum er örugg en á sýningunni í Gerðubergi sýnir hann abstraktmálverk þar

sem form og litir eru alls ráðandi. Abstraktlistin hefur stundum verið kennd við list hinna ströngu flata þar sem þeir kunna að setja myndrænni túlkun nokkurar skorður. Slíkt er ekki að finna í myndum Sigurbjörns. Næmleiki hans fyrir viðfangsefni- nu er mikill og hann lætur áhorfandanum eftir rúm fyrir hugrenningar. Sigríður Ólafsdóttir, sýningarstjóri segir m.a. í sýningarskrá að lesa megji liti og form, heim blárra gulra og brúnna tóna en spyr síðan hvort það sé frekar kanill, skeljasandur, sina og haf sem málarinn hefur skilað á myndflötinn. Abstraktlistin felur þannig í sér kveikjuna að fjölbreyttum hugrenningum áhorfandans hvort sem hann vill íhuga verkin út frá forminu einu saman og litum eða hvort hann vill spinna við þá túlkun sem listamaðurinn skilur eftir. Ef myndlistarmanni tekst að vekja ímyndunarafl áhorfandans umfram það sem hann sér í myndfletinum hefur hann til nokkur unnið. Það hefur Sigurbirni Kristjánssyni tekist á sýningunni sem stendur yfir í Boganum.

Samstarf Iðunnar og Gerðubergs

Kvæðamannafélagið Iðunn og Menningarmiðstöðin Gerðuberg undirrituðu samstarfssamning 15. september sl og héldu þannig upp á 77 ára afmæli félagsins og var opið hús fyrir almenn- ing í Gerðubergi í tilefni dagsins.

Í tilefni af þessum viðburði sagði Steindór Andersen, for-

maður félagsins, það tíma- mót í starfsemi þess að eiga í slíku samstarfi og geta nýtt sér þá frábæru aðstöðu, sem er til staðar í Gerðubergi. Reglulegir fundir hefjast nú í byrjun október og félagar munu standa fyrir námskeið- um í rímnakveðskap og brag- fræði í húsakynnum Gerðu- bergs.

Starfið hjálpar mörgum út í lífið að nýju

Fyrir nokkru veittu Thorvalds- senkonur Unglingasmiðjunni Tröð við Keilufell í Breiðholti 170 þúsund króna styrk sem ætl- að er að styrkja ferðasjóð smið- unnar. Hluti af starfsemi hennar felst í ferðum þeirra ungmenna sem starfa þar á hverjum tíma og segir Þórunn Ólý Óskarsdótt- ir, forstöðumaður á Tröð, þenn- an styrk kærkominn. Tröð lætur ekki mikið yfir sér inn í miðju íbúðahverfi. En hvað er verið að gera í unglingasmiðjunni? Breið- holtsblaðið leit við hjá Þórunni Ólý á dögunum.



Stjórn Thorvaldsenfélagsins ásamt Þórunni Ólý Óskarsdóttur og Ragnari Þorsteinssyni forstöðumanni þjónustumiðstöðvar Breiðholts.

Nálgast krakkana á þeirra forsendum

Þórunn Ólý segir starfið miðast við ungmenni á aldrinum 13 til 16 ára sem eigi í einhverjum erfið- leikum með að samlagast jafn- öldrum sínum eða fást við hefð- bundin viðfangsefni í skóla eða fé- lagslífi. Vandi þessara ungmenna geti verið af ýmsu toga og átt sér mismunandi uppruna en komi oftast fram í einhvers konar fælni frá öðru fólki. Þarna geti værið verið um tímabundin vanda að ræða og einnig vanda sem staðið hafi um lengri tíma. Markmiðið með starfinu sé því fyrst og fremst að fá krakkana til þess að koma og vinna að ýmsum við- fangsefnum í litlum hópum. Þegar komið er inn á Tröð virðist næst- um því sem um hefðbundið heim- ili sé að ræða. Venjulegt einbýlis- hús í rólegu hverfi og innandyrar er fátt annað en það sem miðast við hefðbundið heimilishald. „Við leggjum mikið upp úr umhverfi- nu. Að það sé hlýlegt og ekkert sem minni á stofnun eða stofnan- ir enda er starfsemi okkar hér ekki af slíkum toga,“ segir Þórunn Ólý og leggur mikla áherslu á hina manneskjulegu nálgun sem sterkan þátt í starfinu. „Við þurf- um að nálgast þessa krakka á þeirra eigin forsendum. Fá þau til þess að koma út úr hýði sínu hafi þau á annað borð dregið sig inn í einhverja skel, vekja áhuga þeirra á einhverjum viðfangsefnum og styðja þau til þess að fylgja þeim eftir.“ Hún segir að í mörgum til- fellum sé nauðsynlegt að styðja þau við að byggja upp sjálfsmynd sem stundum geti verið brotin af einhverjum ástæðum. „Þetta eru oftast krakkar sem ekki hafa fund- ið sig í hinu daglega lífi og því kosið að draga sig til baka eða þá að ganga götu sína að einhverju leyti utan alfaraleiðar.“ Hún segir að jafnan séu mjög ólíkir einstak-



Litháiskir og íslenskir vinir í hestaferð 2005.

lingar og persónuleikar saman í hópum sem er af hinu góða. Oft geti þau miðlað hvort öðru og ólíkar persónur þurfi ekki að eiga í meiri erfiðleikum með að ná saman en þeir sem líkist hverjir öðrum.

Hestaferðirnar vinsælar

Hluti af verkefnum krakkanna á Tröð er að fara í ferðalög. Einkum hefur verið farið í hestaferðir út um land og nú hefur fyrsta utan- landsferðin verið farin sem var til Litháen. „Hestaferðirnar okkar hafa verið mjög vinsælar og krakkarnir notið þeirra enda nauðsynlegt fyrir þau að starfið sé lifandi og þau finni dálítið fjör. Þrír fullorðnir einstaklingar eru jafnan með hópum þegar farið er í hestaferðir og kynna krökkunum þær slóðir sem farið er um auk þess að kenna þeim á hesta- mennskuna.

Hjálpað mörgum að fara út í lífið að nýju

En hvernig koma krakkarnir út

úr þessu félagsstarfi. Sakna þau þess jafnvel þegar tíma þeirra hjá Tröð lýkur. „Mörg þeirra gera það og sum spyrja hvað þau eigi að gera þegar þau hætta að hafa Tröð sem fastan punkt í tilver- unni,“ segir Þórunn Ólý þótt flest þeirra hafi fengið ný viðfangsefni og áhugamál í lífinu. „Ég veit líka mörg dæmi þess að krakkar, sem hafa kynnst hér og starfað saman halda sambandi sínu áfram eftir að tíma þeirra líkur hér og þau farin af stað út í lífið. Ég tel slík sambönd mjög mikilvæg fyrir þau. Sum þeirra hafa ekki átt marga vini eða kunningja þegar þau hafa komið hingað og hér hafa myndast kunningjatengsl og sambönd sem þau hafa haldið áfram að rækta.“ Þórunn Ólý seg- ir að í jafn fjölbreyttum hóp og starfað hafi á Tröð þá fari einstak- lingarnir mismunandi leiðir að þeim tíma loknum. En ef lítið sé á heildina þá hafi vera þeirra þar og þau verkefni og störf sem þau hafi tekið þátt í og unnið að hjálp- að mörgum til þess að fara út í líf- ið að nýju.


HVAR ER ÞITT EGO?

BENSÍN DÍSEL

KVITTUN FYLGIR ÁVINNINGURI!

ego
Ódýrt eldsneyti + ávinningur!

www.ego.is



Seldu dót fyrir einhverfa

Fjórir drengir seldu ýmislegt dót fyrir utan Krónuna í Seljahverfi í sumar til styrktar Umsjónarfélagi einhverfra og söfnuðu þeir 8770 krónum.

Þessir ötulu drengir heita: Haraldur Orri Hauksson, Valgeir Þór Jakobsson, Birgir Hauksson og Sigurgeirs Sigurðsson.

Hvað er að gerast í Miðbergi

Þar er félagsmiðstöðvarstarf fyrir alla unglunga í 8. til 10. bekk grunnskólans. Miðberg starfrækir tvær félagsmiðstöðvar, eina í Hólmaseli og aðra í Miðbergi. Opið er alla daga vikunnar frá kl. 14.00 til 17.00 og á mánudags- og miðvikudagskvöldum frá kl. 19 til 22. Á föstudagskvöldum er opið lengst eða frá kl. 20.00 - 23.00.

Að sögn Helgu Ingadóttur í Miðbergi er hægt að koma við og læra, spila biljard, fara í tölvuver-

ið eða bara spjalla við starfsfólk á daginn. Í vetur er einnig ætlunin að gera ýmislegt skemmtilegt eins og hafa fatahönnunarkvöld, halloweenball, listaviku, söngkeppni, rímnaflæði og margt fleira. Helga kvaðst vilja hvetja alla unglunga að koma við og skoða félagsmiðstöðina sína. Miðberg er í Gerðubergi 1 og síminn þar er 411-5760. Hólmasel er í Hólmaseli 4 til 6 og síminn þar er 567-7730.

HÚSAVIÐGERÐIR

555 1947

www.husco.is

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

Hverfisráð Breiðholts er tekið til starfa



Guðlaugur Gylfi Sverrisson, formaður Hverfisráðs Breiðholts, verkefnisstjóri hjá Úrvinnslusjóði, sem er stofnun á vegum umhverfisráðuneytis. Hann er vélstjóri að mennt og hefur lokið rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntun Háskóla Íslands.



Stefán Jóhann Stefánsson, varborgarfulltrúi hefur sinnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir ÍR, verið bæði í stjórn knattspyrnudeildar og sinnt dómastörfum fyrir deildina, tekið þátt í foreldrastarfi í grunnskólum og er formaður Hverfafélags Samfylkingarinnar.



Óttarr Guðlaugsson, situr fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins í hverfisráði Breiðholts auk þess er hann varamaður í framkvæmdaráði, áður hefur hann setið sem varamaður í velferðaráði, skólastjórn Fjölbrotaskólans í Breiðholti og sat í sóknarnefnd Fella- og Hólakirkju.

Hverfisráð Breiðholts er tekið til starfa eins og hverfisráð annarra borgarhluta. Hverfisráðin starfa í umboði borgarráðs og verkswið þeirra er að stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfis, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verkswið þeirra. Hverfisráð geta gert tillögur um samræmingu á þjónustu borgarstofnana í einstökum hverfum. Hlutverk hverfisráðanna er ekki síst að vera vettvangur til samráðs íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda og að vera ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðvanna í hverfum. Þá stuðla hverfisráð að kynningu skipulags, framkvæmda og þjónustu borgar-

stofnana í hverfum og beita sér fyrir því að samráð verði haft við íbúa allt eftir eðli máls hverju sinni.

Hverfisráð Breiðholts heldur mánaðarlega fundi, þriðja mánudag í hverjum mánuði í húsnæði Þjónustumiðstöðvar Breiðholts að Álfabakka 12 og verða fundagerðir þess birtar á vef Reykjavíkurborgar. Auk þess mun hverfisráðið haldna opinn fund með íbúum einu sinni á ári hið minnsta. Á þessu kjörtímabili mun hverfisráðið beina sjónum sínum sérstaklega að menntamálum. Þá mun einna helst verða horft til þess hvernig staðið verði að samþættingu

skóladagsins hjá nemendum í grunnskólum Breiðholts. Með samþættingu verður reynt að gera vinnudag nemenda samfelldan þar sem skóli, íþróttir, félagsstarf og tónlistarnám tvinnast saman með skólastarfinu. Með þessu móti verður vinnudegi nemenda lokið mun fyrr en nú er. Þá er ætlunin að huga að starfssemi leikskóla með það að leiðarljósi að leikskólar séu fyrsta námsstig skólakerfisins. Hverfisráðið mun einnig stuðla að eflingu þjónustumiðstöðvar Breiðholts, þannig að hún verði sá bakhjarl í skólastarfi og félagsþjónustu að sómi sé að.



Krakkarnir í Hólmaseli í Breiðholti skemmtu sér í ágústlokin í tilefni þess að sumarstarfinu var að ljúka. Eft var til karnivalsstemmingar þar sem þau skemmtu sér við ýmsa leiki.

FÖNDURVÖRUR Í ÚRVALI

FILTEFNI Í JÓLAFÖNDRID

PERLUR OG STEINAR

EFNI TIL JÓLAKORTAGERÐAR

EFNI TIL LAMPAGERÐAR

GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - 540 3300
www.gardheimar.is

SKRÁNING Á NÁMSKEIÐIN HAFIN!

allt að verða vitlaust í nettó

komdu í heimsókn

pú sparar 718 kr/kg

ódyrt

40%
afsláttur við kassa
Verð nú 1.076 kr/kg
Verð áður 1.794 kr/kg
Gourmet lambalæri ferskt

GÖÐI

á frábæru verði

pú sparar 778 kr/kg

40%
afsláttur við kassa
Verð nú 1.166 kr/kg
Verð áður 1.944 kr/kg
Gourmet lambahryggur ferskur

GÖÐI

ódyrt

99 kr/stk
X-tra hvítlauksbrauð

1 kg.

39 kr/kg
X-tra spaghetti

ískalt

99 kr/stk
Pepsi 2ltr.

frábært verð

5 kr/pk
Mr. Noodle núðlur

ódyrt í nettó

29 kr/pk
Big-fúrrukex

99 kr/stk
Natumi sojamjólk

Breiðholtsdagurinn í fjórða sinn

- dagur sem eflir félagsstarf og mannlíf í Breiðholti

Breiðholtsdagurinn sem verður haldinn í fjórða sinn laugardaginn 30. september, hefur frá upphafi haft þann tilgang að sameina Breiðholtsbúa og skapa þeim tækifæri til að hittast og skemmta sér og öðrum. Með tilkomu Breiðholtsdagsins hefur einnig verið skapaður vettvangur til að koma því mikla og merkilega menningarstarfi á framfæri sem fram fer í hverfinu. Dagskrá Breiðholtsdagsins er ætlað að höfða til allra aldurshópa og að fjölskyldan taki þátt í deginum saman. Frá upphafi hefur sú stefna ríkt við undirbúninginn að hann sé sem mest heimgæður. Að Breiðholtsbúar undirbúi, komi fram og mæti til að njóta og sýna.

Frábær aðstaða í Mjóddinni

Aðstaða í göngugötunni í Mjódd er einstök til að halda hverfishátíð af því tagi sem Breiðholtsdagurinn er. Að geta notið atriða á sviði um leið og boðið er upp á sýningar, kynningar af ýmsu tagi annars staðar í göngugötunni að ógleymdri þjónustu og vörusölu fyrirtækja í Mjóddinni allt undir þaki óháð veðri og vindum er frábært.

Borgarstjórinn kemur í heimsókn

Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson, borgarstjóri og Breiðholtsbúi heiðrar nágranna sína með nærveru sinni. Borgarstjórinn mun flytja ávarp og taka á móti niðurstöðum frá Barnaþingi 12 ára



barna í Breiðholtinu sem haldið var fimmtudaginn 28. september.

Snorri Snorrason Idolstjarna syngur nokkur af sínum vinsælu lögum og svo gera einnig börn af nokkrum leikskólum í Breiðholti. Þá kemur fram í fyrsta skipti á sviði nýstofnaður fjölþjóðlegur kvennakór. Danssýning frá danseild ÍR verður á dagskrá en sýning þeirra vakti mikla athygli í fyrra og eldir borgarar munu láta ljós sitt skína þegar Gerðuberg-

skórinn og sönghópur úr Árskógum stíga á svið og flytja nokkur lög. Þá verða afhent verðlaun fyrir bestu myndirnar úr ljósmyndasamkeppninni „Betra Breiðholt“.

Þrjár stórsýningar í göngugötunni

Ekki færri en þrjár sýningar verða í göngugötunni þennan dag en það eru sýningar á ljósmyndum og listaverkum sem leikskóla-

börn hafa unnið út frá þemanu „hverfið mitt“. Þá verða til sýnis 30 bestu myndirnar úr ljósmyndasamkeppninni „Betra

Breiðholt“ og síðast en ekki síst verða til sýnis niðurstöður Barnaþings Breiðholts þar sem öll 12 ára börn í Breiðholti fjölluðu um spurninguna: Hvað get ég/við gert til að gera hverfið mitt betra? Frístundamiðstöðin Miðberg, félagsmiðstöðvar eldri borgara og íþróttafélögin í hverfinu kynna fjölbreytta starfsemi sína. Leiktæki verða til nota fyrir börnin. Fjöldi fyrirtækja í Mjóddinni verða með tilboð og sérstakar uppákomur í tilefni dagsins.

Betra-Breiðholtsskokk

Að endingu verður svo efnt til almenningsskokks „Betra Breiðholtsskokksins“ þar sem allir þátttakendur ganga, skokka, hlauða eða hjóla 2 km sér til heilsu-bótar og til styrktar starfsemi umsjónarfélagi einhverfra. Ekkert þáttökugjald er í skokkið en Atlantsolía greiðir 200 krónur til umsjónarfélagi einhverfra fyrir hvern einstakling sem klárar skokkið. Allir þátttakendur fá bol að launum með nýja „Betra Breiðholt“ merkinu á.

Breiðholtsbúar eru hvattir til að taka þátt í Breiðholtsdegnum og leggja þannig sitt fram til eflingar mannlífi og lífsgleði í Breiðholti og gera Betra Breiðholt.

Breiðholtsblaðið

Heimasíða: www.borgarblod.is

Aldrei of seint að ganga menntavegin

Grunnnám í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku fyrir fólk eldra en 16 ára

Hentar jafnt þeim sem vilja taka grunnskólapróf og þeim sem vilja rifja upp þekkingu sína. Kjörið fyrir foreldra sem vilja hjálpa börnum sínum við heimanámið.

Námsefnið samsvarar 8.-10. bekk í grunnskóla auk þess sem kennd eru undirstöðuatriði námstækni.

Kennt er á þremur þrepum og nemendum er veitt aðstoð við að finna út á hvaða þrepi er best fyrir þá að byrja.

Boðið er upp á einstaklingsmiðað nám sem hver og einn getur tekið á eigin hraða.

Próf eru í boði, en ekki nauðsynlegt að taka þau.

Hægt er að skrá sig í eina námsgrein eða fleiri.

Einnig er hægt að taka aðeins námstæknihlutann.

Enska og stærðfræði eru kennd á þriðjudögum og íslenska og danska á fimmtudögum milli kl. 17:20-21:00.

Nemendum er frjáls mæting hvenær sem er á þeim tíma.

Námstæknin er kennd á mánudögum kl. 17:20-18:40.

Kennsla hefst mánudaginn 4. september.

Kennt er í kennsluhúsnæði Námsflokka, Þönglabakka 4 (fyrir ofan strætóskýlið í Mjóddinni).

Skráning í síma 567 7050 kl. 13:00-17:00 virka daga.

www.namsflokkar.is



Allt að verða vitlaust í Kasko

Þú sparar 748 kr/kg



40%
afsláttur v/kassa
Verð nú 1.122 kr/kg
Verð áður 1.870 kr/kg

Lambalæri hvítlauksmarinerað

Þú sparar 350 kr/kg



25%
afsláttur v/kassa
Verð nú 1.049 kr/kg
Verð áður 1.398 kr/kg

Goða lambaofnsteik

Þú sparar 195 kr/kg



30%
afsláttur v/kassa
Verð nú 454 kr/kg
Verð áður 649 kr/kg

Ísfugl kjúklingalæri með legg

Þú sparar 589 kr/kg



25%
afsláttur v/kassa
Verð nú 1.766 kr/kg
Verð áður 2.355 kr/kg

Holta álegg kjúklingabringa

Þú sparar 150 kr/stk

3 kg. af pasta á 149 kr/stk



50%
afsláttur v/kassa
Verð nú 149 kr/stk
Verð áður 299 kr/stk

Fusilli Valle Del Sol 3 kg.

Þú sparar 40 kr/stk



51%
afsláttur v/kassa
Verð nú 39 kr/stk
Verð áður 79 kr/stk

Campagna spaghetti og taglitelle nest

Þú sparar 43 kr/stk



50%
afsláttur v/kassa
Verð nú 43 kr/stk
Verð áður 85 kr/stk

Campagna Penne rigate og fusilli

Þú sparar 45 kr/stk



50%
afsláttur v/kassa
Verð nú 45 kr/stk
Verð áður 89 kr/stk

Campagna Farfalle og fusilli 3-lita

Þú sparar 85 kr/stk



50%
afsláttur v/kassa
Verð nú 85 kr/stk
Verð áður 169 kr/stk

Campagna lasagna

Þú sparar 120 kr/stk



50%
afsláttur v/kassa
Verð nú 120 kr/stk
Verð áður 239 kr/stk

Campagna sundried tomatos

Þú sparar 95 kr/stk



50%
afsláttur v/kassa
Verð nú 95 kr/stk
Verð áður 189 kr/stk

Campagna pesto grænt og rautt

Þú sparar 250 kr/stk



50%
afsláttur v/kassa
Verð nú 250 kr/stk
Verð áður 499 kr/stk

Campagna ólívuolía

-örugglega ódýrt!



Keflavík • Breiðholt • Húsavík • www.kasko.is • verð birt með fyrirvara um prentvillur • Gildir 28. september til 1. október eða meðan birgðir endast



de.is

YFIR 550 DE VEFIR Á ÍSLANDI
7 ÁR Í VEFSÍÐU- OG HUGBÚNAÐARGERÐ

DE - Síðumúla 29, 3 hæð - 105 Reykjavík - Sími 586 2200 - Veffang: www.de.is - Netfang: info@de.is

pú getur unnið!

- fyrir öllu sem hugurinn girnist



Af hverju að bíða og bíða eftir stóra vinningnum þegar þú getur unnið fyrir öllu sem þig langar í? Það eina sem þú þarft að gera er að bera út blöð í 1-3 tíma á dag og í staðinn borgum við þér allt að 140 þúsund krónur í mánaðarlaun.

Síðan kaupir þú þér það sem hugurinn girnist. Besta aukavinna sem þú getur fundið og góð hreyfing í þokkabót!

Hringdu núna og sæktu um í síma 569 1440 eða á mbl.is!

Sæktu um blaðberastarf – alvörupeningar í boði!

Morgunblaðið

HÝSIR.IS

	Hýsing 1	Hýsing 2	Hýsing 3	Hýsing 4
Vefsvæði allt að	50 mb	100 mb	250 mb	400 mb
Póstföng (Pop 3)	3	3	5	5
Vefaðgangur að pósti	✓	✓	✓	✓
Víruspóstsía og spamvörn	✓	✓	✓	✓
PHP / Perl / CGI / MySQL	✓	✓	✓	✓
Heimsóknatölfræði	✓	✓	✓	✓
FTP aðgangur	✓	✓	✓	✓
FrontPage aðgangur	✓	✓	✓	✓

Ódýrt og allt innifalið í stórum sem smáum hýsingarpökkum

SVAMPBURSTAR BYLTINGARKENND NÝJUNG Í BÍLAÞVOTTI Á ÍSLANDI

LÖÐUR KYNNIR FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU Í NÝRRI KYNSLÓÐ BÍLAÞVOTTASTÖÐVA.

- Betri meðferð á bílnum með mjúkum og fleyglaga burstaendum.
- Bónið endist lengur og bíllinn verður áberandi hreinn og glansandi með úrvals hreinsiefnum og sápum.
- Alvöru bílaþvottastöð sem ræður við flestar stærðir bíla.
- Nánast engin bið eftir þvotti, afkastagetan er allt upp í 60 bílar á klukkustund sem er mun meira en hjá hefðbundnum stöðvum.

Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 10-18

Fullkomnasta þvottastöðin á Íslandi
er í Bæjarlind 2, kjallara



miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 | www.lodur.is



Tökum bíla á
35x12,5 tommu
dekkjum

Gældu við bílinn með léttum
og mjúkum svampburstum
aaaahhhhhh!





Breiðholtiðsbúar athugið!

Kaffi Bar 8 er glænýtt kaffihús í Hraunberginu.

Nýir eigendur nýjar áherslur!

Kaffi Bar 8 er eina kaffihúsið í efra-Breiðholti.

Laugardaginn 30. september

*verður mikið um að vera í Breiðholtinu og þér
er boðið uppá tertusneið!*

Boðið verður upp á rosagóða stóra köku í tilefni dagsins!

Láttu sjá þig.

*Töframaðurinn Pétur Pókus skemmtir kaffihúsagestum,
götulistamaður verður á svæðinu og eldblásari mætir um kvöldið.*

Trúbador skemmtir um kvöldið og fram eftir nóttu.

Allir velkomnir.

Kaffi bar 8 Hraunbergi

(Við heilsugæslustöðina).



Við viljum fá litróf mannlífsins

Ragnhildur Ásgeirsdóttir, djákni hóf störf í Fella- og Hóla-kirkju fyrir ári síðan. Frá þeim tíma hefur eldri borgara starfið vaxið gífurlega í kirkjunni. Góður hópur eldra fólks kemur saman reglulega og er alltaf boðið upp á fræðslu og umfjöllun um áhugaverð og skemmtileg mál. Auk þess að sjá um eldri borgara starfið mun Ragnhildur hafa umsjón með og skipuleggja starf með innflytjendum í kirkjunni. Breiðholtsblaðinu lék forvitni á að vita meira um þá fyrirhuguðu starfsemi.

Ragnhildur, segðu okkur aðeins frá þessu verkefni ? Þegar ég hóf störf í Fella- og Hóla-kirkju fyrir ári síðan kom strax fram sú hugmynd að vinna með innflytjendum í hverfinu þar sem stór hópur fólks af erlendu bergi brotið býr hér í efra Breiðholti. Okkur fannst því tilvalið að hefja starf sérstaklega með það markmið að stuðla að samskiptum milli Íslendinga og innflytjenda, eyða fordómum, efla skilning og virðingu á milli fólks. Verkefnið átti aldrei að vera fyrir innflytjendur heldur með innflytjendum og því settum við á laggirnar stýrihóp með fólki úr ýmsum áttum. Þar er prestur innflytjenda, fulltrúar innflytjenda, fulltrúi frá Alþjóðahúsinu, fulltrúi frá þjónustumiðstöðinni og fulltrúi kirkjunnar. Þessi hópur hefur hist og undirbúið verkefnið sem við viljum kalla „ Litróf „, sem minnir okkur á fjölbreytileika mannlífsins og hve mikilvægt það er að við öll sem eitt fáum að njóta okkar eins og við erum.



Ragnhildur Ásgeirsdóttir djákni.

Fólk er jákvætt fyrir því að kirkjan sé að stíga fram

Hefur þú einhverja hugmynd um hvernig innflytendum líst á þetta starf? Þau sem ég hef talað við eru mjög jákvæð og finnst þetta spennandi. Toshiki Toma, prestur innflytjenda er auðvitað

mun meira í samskiptum við innflytjendur heldur en ég og ég

heyri á honum að innflytjendur eru þakklátir og áhugasamir um verkefnið. Það hefur komið fram að fólk er jákvætt fyrir því að kirkjan sé að stíga fram í samvinnu við þjónustumiðstöðina í Breiðholti, félagsstarfið í Gerðubergi, heilsugæsluna og innflytjendur sjálfa um verkefni þar sem kirkjan verður vettvangur fyrir fólk að hittast og vera saman án beinnar boðunar. Við viljum frekar sýna í verki hvað kirkjan vill standa fyrir og leggur mesta áherflu á, en það er kærleikurinn, og hann er hafinn yfir allt, kynþátt, litarhátt, trú, stétt eða stöðu.

Ég er mjög bjartsýn á að þetta eigi eftir að ganga vel

Hvernig hefur þessu verkefni verið tekið innan þjóðkirkjunnar? Það er auðvitað mjög jákvætt hvað kirkjan hefur tekið þessu verkefni vel. Auðvitað er þetta þróunarverkefni sem við verðum stöðugt að þróa og meta. Fella- og Hóla-kirkja hefur fengið styrk frá þjóðkirkjunni sérstaklega til að sinna þessu verkefni og það erum við mjög þakklát fyrir. Ég hef fengið mikla hvatningu frá prestum og starfsfólki Fella- og Hóla-

kirkju og sr. Svavar Stefánsson hefur verið á kafi með mér í öllum undirbúningi. Sóknarnefndirnar styðja við bakið á verkefninu og það er ekki lítills virði þegar verið er að prófa eitthvað nýtt. Ég er mjög bjartsýn á að þetta eigi eftir að ganga vel, ég á þrjú börn sjálf og það er gríðarlega skemmtilegt þegar verið er að bjóða upp á starf sem er fjölbreytt og kostar ekkert að taka þátt í. Það gefur öllum möguleika á að koma og vera með.

Við viljum fá litróf mannlífsins

En að að lokum? Já, ég vil umfram allt hvetja fólk til að taka þátt. Um er að ræða fjölskyldustarf, starf fyrir alla aldurshópa, við viljum fá ömmur og afa, pabba og mömmur og börnin með, bæði íslenskar fjölskyldur og fjölskyldur af erlendum uppruna. Við viljum fá litróf mannlífsins. Ég held að við ættum að hvetja hvert annað að koma og vera með í starfinu, þá verður svo gaman og við byggjum upp gott samfélag. Er það ekki það sem við öll viljum, byggja upp frábært hverfi, þar sem við öll, eitt og sér hvert skiptum máli og þar sem okkur öllum líður vel ?

Garðar hættir

Tekist hafa samningar milli Garðars Gunnars Ásgeirssonar og Leiknirs að Garðar hætti þjálfun liðsins. Garðar er uppalinn Leiknis-

maður og það er með söknuði sem leiðir hans og félagsins skilja en ákvörðunin var að fullu tekin með hagsmuni félagsins í huga.



GETRAUNANÚMER LEIKNIS

ER 111



Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn. Skógarbær er kjörin vinnustaður fyrir fólk sem vill vinna við gefandi störf í vinalugu umhverfi nálægt heimili sínu.

Starfsmenn óskast í umönnun

Sveigjanlegur vinnutími. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

Lengd vakta getur verið frá 4 klukkustundum í 8,5 klukkustundir allt eftir samkomulagi.

Stuttar morgunvaktir kl. 08 – 13 fyrir þá sem ekki geta unnið á kvöldin og um helgar. Stuttar kvöldvaktir fyrir skólafólk frá kl. 18 – 22.

Upplýsingar gefur hjúkrunarforstjóri Jónbjörg Sigurjónsdóttir í síma 510-2101 jonbjorg@skogar.is Einnig er hægt að sækja um á netinu: hrafnhildur@skogar.is

Helgi Kristófersson skrifar

Breiðholtsbúar fyrr og nú

Breiðholtsbúar eru nú rúmlega 20 þúsund og er það nokkuð mikið og stórt samfélag. Þegar hugað er að því hve margir hafa alist upp í Breiðholtiinu margfaldast fjöldinn og þaðan kemur fyrir-sögnin. Nýlega kom fram hjá Reykjavíkurborg að markmiðið væri að móta fjölskyldustefnu fyrir Reykjavík. Markmið með mótun fjölskyldustefnu er að tryggja að við alla stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð á vettvangi Reykjavíkurborgar sé sérstaklega gætt að hagsmunum barna, unglinga og fjölskyldna.

„Fjölskyldustefnan skal vera skýr stefnumótun um framtíðina en þó lifandi plagg sem er endurskoðað reglulega til að vera í takt við tíðaranda og samfélagsbreytingar. Í greinargerð með tillögunni segir að fjölmargir aðilar, sveitarfélög, fyrirtæki og félagasamtök, hafa mótað sér sérstaka fjölskyldustefnu í því skyni að fjölga tækifærum fólks til að rækja skyldur sínar við fjölskylduna í annasömu umhverfi nútímans. Reykjavíkurborg, sem stærsta sveitarfélag landsins, sem rekur margháttaða þjónustu fyrir borgarana á sviði fræðslumála, íþróttar- og tómstundamála og velferðarmála, auk þess að vera einn stærsti vinnustaður landsins, hefur ekki mótað sér heildstæða fjölskyldustefnu.

Það einkennilega við þetta er að í undirbúningi að stofnun Íbúasamtaka Breiðholts (ÍB) hefur verið mikið rætt um þetta málefni sem er grunnur alls samfélags, þar er fjölskyldan. Hverfið þarf að vera aðlagð að þörfum fjölskyldunnar sem Breiðholtið er svo sannarlega. Breiðholtshverfið er mótað í kjarna þar sem eru skólar fyrir yngri kynslóðina og nú er stutt í allar áttir. Þegar Breiðholtið var byggt var það nánast uppi í sveit en í dag er það nánast í miðju Reykjavíkurborgar.

Skólakerfið í Breiðholti er mjög gott og haganlega fyrirkomið sem auðveldar allar samgöngur fyrir börn. Hverfið hefur stundum setið nokkuð á hakanum og þá jafnvel foreldrafélög þurft að standa í því að reyna að fá hluti í gegn sem hverfafélag. Nú er það staðreynd

að stofna á íbúasamtök og er það von okkar að íbúar í Breiðholti sjái sér fært að styðja við bakið á því. Þá er ekki átt við fjárhagslegan stuðning heldur að vera vel vakandi um nágreanni sitt og sýna því áhuga í verki. Það er t.d. að ganga vel um og kenna afkomendum sínum að umgangast tré, sameiginleg svæði og svæðin sem eru manni næst eða sinn garð. Oft næst góður árangur með því að leyfa börnunum að aðstoða við að gróðursetja tré og vera með í framkvæmdum sem þeim hæfir.

Íbúasamtök Breiðholts verða til þar sem þörf er á að íbúar geti á auðveldan máta komið sínu fram sem þeim þykir ábótavant, t.d. sameiginleg svæði, sparkvellingir og önnur leiksvæði þar sem börnin hafa gaman af að koma saman. Síðan er það stuðningurinn sem

s k a p a s t þannig að ekki eigi hið opinbera kerfi möguleika á að troða fólki um tær eins og hefur komið upp. Við íbúar Breiðholts ætlum að standa saman og halda okkar skemmtilega hverfi í enn betra horfi en það hefur verið. Stofnun þessara samtaka er ekki síst að þakka þeirri þjónustu sem íbúar geta nú nálgast í Mjóddinni. Þar ber helst að nefna þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar sem unnt á að vera að leita til um hvers konar þjónustu.



Helgi Kristófersson.

Fjölmenni á Ægisdegi

Um 100 sundmenn mættu til að skemmta sér á frábærum Ægisdegi 17. september og voru á þriðja hundrað manns þar þegar mest var. Sundmenn sem tekið hafa þátt í landsliðsverkefnum voru heiðraðir, Guðrúnarbíkarnir voru afhentir og einnig styrkir úr afrekssjóði Ægis til minningar um Ara Guðmundsson. Sundmaður og sundkona ársins valin og Ægis-skildirnir voru afhentir. Þess má geta að þrettán sundmenn tóku þátt í keppnisverkefnum með landsliðshópum sundtímabilið 2005 til 2006. Sundmaður ársins er Jakob Jóhann Sveinsson. Hann komst í undanúrslit á Evrópumeistaramótinu í 50 metra laug í sumar. Jakob setti 6 Íslandsmet í einstaklingsgreinum og tók þátt 7 Íslandsmetum í boðsundum. Einnig vann hann 12 Íslandsmeistararitla og setti 7 Ægismet í einstaklingsgreinum. Hann hlaut 30 þús. króna styrk úr afrekssjóði. Sundkona ársins er Anja Ríkey Jakobsdóttir. Hún setti eitt Íslandsmet í einstaklingsgrein, tók þátt í tveimur Íslandsmetum í boðsundum. Hún vann 8 Íslandsmeistararitla og setti 2 Ægismet. Og hlaut 20 þús. króna styrk. Guðríður Hauksdóttir og Sigríður Sigurðardóttir frá Landsbanka Íslands ásamt Herði Oddfríðarsyni afhentu styrkina og Ægis-skildina. Aðrir sundmenn sem hlutu styrki úr afrekssjóði Ægis voru; Árni Már Árnason, Baldur Snær Jónsson, Auður Sif Jónsdóttir og Jóhanna Gerða Gústafsdóttir.



13.01.06 † Sæbraut
Pétur Sigurðsson
59 ára



19.01.06 † Hnífsdalsvegur
Þórey Guðmundsdóttir
17 ára



23.02.06 † Bæjarbraut
Halla Margrét Ásgeirsdóttir
15 ára



28.02.06 † Sæbraut
Guðrún Jónsdóttir
18 ára



04.03.06 † Hjalteyrargata
Sesar Þór Viðarsson
19 ára



07.05.06 † Kjósarskarðsvegur
John Joseph Cramer
47 ára



06.06.06 † Elliðavatnsvegur
Hallgrímur Páll Guðmundsson
34 ára



02.07.06 † Varmahlíð
Sigrún Kristinsdóttir
20 ára



02.07.06 † Örfælasveit
Heiðar Þórarinn Jóhannsson
52 ára



23.07.06 † Drangsnævegur
Þórður Björnsson
83 ára



23.07.06 † Eystri-Rangá
Birkir Hafberg Jónsson
26 ára



07.08.06 † Suðurlandsvegur
Rósa Björg Guðmundsdóttir
36 ára



16.08.06 † Kjalarnes
Linda Björg Rafnsdóttir
16 ára



16.08.06 † Garðskagavegur
Guðmundur Adam Ómarsson
21 árs



16.08.06 † Garðskagavegur
Jóhann Fannar Ingibjörnsson
34 ára



20.08.06 † Vesturlandsvegur
Eugeniusz Leszek Lojko
47 ára



23.08.06 † Vesturlandsvegur
Dariusz Wojewoda
25 ára



27.08.06 † Faxabraut
Bryndis Zophoniasdóttir
74 ára



28.08.06 † Borgarfjarðarvegur
Unnur Bettý Guðmundsdóttir
18 ára



14.09.06

NÚ SEGJUM VIÐ STOPP!

Það sem af er þessu ári hafa tuttugu einstaklingar látið lífið í umferðarslysum á Íslandi. Þetta er hræðilegur fórnarkostnaður og við hljótum að spyrja hvort lífi einhvers þeirra hefði ekki mátt bjarga með betri umferðarmenningu.

Við skorum á alla Íslendinga að segja stopp. Þú getur lagt þitt af mörkum með því að fara inn á **www.stopp.is** og skrifa undir yfirlýsingu um betri hegðun í umferðinni.

Við vottum aðstandendum hinna látnu okkar dýpstu samúð og þökkum þeim fyrir að leggja okkur lið í þessu brýna verkefni.

www.stopp.is



UMFERÐARSTOFA



TIL UMHUGSUNAR

Eftir sr. Valgeir Ástráðsson

Haustið hefur líka grósku

Það er fallegur tími haustið. Gróðurinn fölnar og dagurinn stýttist. En það færast kraftur í mannlífið. Skólarnir hefja störf. Öll félagsstarfsemi fær nýjan kraft.

Við Breiðholtsbúar lifum fallett haust þetta árið. Það er allt á þann veg í hverfunum okkar, sem eru orðin gróin hverfi. Þar er á hausti litadýrð skógarins, sem er orðið einkenni byggðarinnar. Það var í upphafi talið að Breiðholtið yrði aldrei skógi vaxið. Okkur sem hófumst handa í gróðurlitlu holtinu fyrir þrem áratugum, kom ekki til hugar að við ættum eftir að búa í gróðursælum skógarlundum. Okkur datt ekki í hug þegar við gróðursettum smáhríslurnar að við ættum eftir að höggva margar þeirra niður seinna sem tröllvaxin tré. Gróskan hefur verið mikil. Það kom á óvart. Jafnvel á haustin kemur lífið á óvart. Þannig er það líka um mannlífið í hverfinu. Þar hefur gróskan verið mikil. Það sést vel á haustin þegar félagsstarfið fer af stað.

Þegar byggð var ung hér í Breiðholtiinu var byggt svo hratt að lengi var engin aðstaða fyrir samkomuhald fólks eða félagsstarf. Þannig var það t.d. í kirkjustarfinu. Hverfinu var skipt í þrjár starfsheildir fyrir það starf, kirkjusóknir. Það eru félagsheildir, sem vinna að starfi kirkjunnar, þar sem stærstur hluti íbúanna tilheyrir og tekur þátt. Í mörg ár fór kirkjustarfið fram í húsnæði, sem ætlað var í allt annað. Guðsþjónustur fóru fram í skólunum, hinar ýmsu starfsdeildir voru á hrakhólum. Breiðholtsbúar tóku þá rösklega á því að koma upp starfsmiðstöðvum fyrir kirkjustarfið. Það eru alltaf einhverjir, sem hafa þá furðuskoðun að hið opinbera byggji kirkjur og leggi fólkinu þær til eins og t.d. skólana eða íþróttastöðu. Þannig er það ekki. Fólkið sem tilheyrir söfnuðunum byggir kirkjurnar. Framlög þurfa

að koma þaðan. Sóknirnar eru félagsheildir kristins fólks sem byggir starfsaðstöðu, á hana og rekur hana. Hér í Breiðholtiinu þurftu margir að leggja mikið á sig til að koma því í framkvæmd.

Við sem að því unnum, eigum um það margar góðar minningar. Að taka þátt í göfugum verkefnum eru forréttindi. Draumarnir þá voru að í sóknunum yrðu til verðugar starfsmiðstöðvar þar sem hægt yrði að bjóða fram margháttaða starfsemi til þess að efla gott mannlíf þar sem ungir og aldnir gætu notið. Þeir draumar hafa ræst í góðum kirkjum, Seljakirkju, Fella- og Hólakirkju og Breiðholtskirkju. Þar eru góðar starfsmiðstöðvar góðs starfs, stolt safnaðarfólksins. Þar eru hús, sem fólkið sjálft hefur byggt

og notar. Þar fer fram kristin tilbeiðsla og félagsstarf sem byggir upp farsælt mannlíf, starf sem vert er að taka þátt í. Þar er gróska mannlífsins.

Þegar haustar er margt, sem gefur færi á því að sjá það sem er fallett. Þannig er umhverfi okkar sem búum í Breiðholtiinu. Þá er líka vert að huga til þess sem bætir mannlífið, kennir okkur það góða og farsæla, gerir okkur færari í því að lifa hvert með öðru og gleðja hvert annað. Að því er unnið í kirkjunum okkar. Á hverjum helgum degi eru guðsþjónustur. Þar eru öllum ætlaðar. Hvern einasta dag vikunnar er félagsstarf, sem stefnir að því góða. Það er þess virði að kynna sér það og taka þátt í því. Það er starfið okkar allra, sem gerið lífið gott.

HÚSAVIÐGERÐIR

555 1947
www.husco.is

Netsaga.is

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

SMUR- & DEKKJAFJÓNUSTA BREIÐHOLTS

JAFNASILI 6 • EFRA BREIÐHOLTI (FYRIR NEÐAN SKÍÐABREKKUNA)

Ný og sóluð dekk á góðu verði

Höfum einnig opnað bifreiðaverkstæði.

Allar almennar viðgerðir, stórar og smáar.

Fljót og góð þjónusta.

Sími 587 4700
Fax 587 4712



Jónas Finnbogason, eiginmaður Kristínar Arnalds, skólameistara FB fór yfir helstu atriði við gróðursetningu áður en nemendur hófust handa.

Gróðursetningar- og kynnisferð

Þriðjudaginn 5. september sl. fóru rúmlega 30 útskriftarnemendur FB í gróðursetningar- og kynnisferð, en slíkar ferðir eru m.a. til þess að „hrista“ hópinn saman.

Plantað var um 120 plöntum, í reit skólans við Úlfjótssvatn. Að því loknu var haldið í félagsheimili skáta, Strýtuna þar rétt hjá. Þar

var snætt í boði skólans og farið í ýmsa leiki þar sem 4 lið kepptu um sem flest heildarstig.

Fararstjórar ferðarinnar voru Krisín Arnalds skólameistari FB og eiginmaður hennar Jónas Finnbogason.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir nemandi í FLM 213

borgarblod.is


Hér er ég!

Mjódd

Smíðjuvegi

Nóatúni 17

Apótekarinn
-lyf á lægra verði!



SUND ER LEIKUR

AFGREIÐSLUTÍMI LAUGA

Virka daga frá kl. **6:30 - 22:30**

Helgar kl. **8:00 - 22:00**

afgreiðslutími er mismunandi eftir
sundstöðum, sjá nánar á www.itr.is

Stakt gjald fullorðnir **280 kr.**

10 miða kort fullorðnir **2.000 kr.**

Stakt gjald börn **120 kr.**

10 miða kort barna **800 kr.**

Sund er æðislegt

www.itr.is | sími 411 5000

Laugarnar í Reykjavík





Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Breiðholts

Félagsmiðstöðin Árskógum 4

Félagsmiðstöðin Árskógum 4, sem er hluti af starfsemi Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, er opin alla virka daga frá 9.00 til kl. 16.30. Starfsemi hennar er ætluð öllum aldurshópum.

Markmið starfsfólks stöðvarinnar er að taka vel á móti öllu fólki og aðstoða hvern og einn við að finna afþreyingu við sitt hæfi.

Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá í vel búnu og þægilegu umhverfi. Má nefna leikfimi – boccia – félagsvist – handavinnu – útskurð – söngstund – myndlist og bingó. Þúttvöllurinn er opinn alla daga þegar veður leyfir.

Sameiginleg helgistund er einu sinni í viku.

Hádegismatur og síðdegiskaffi er niðurgreitt fyrir eldri borgara og öryrkja. Dagblöðin liggja frammi alla daga.

Í Árskógum 4 er veitt baðþjónusta í mjög góðri aðstöðu.

Fyrir þá sem ekki geta komið sér sjálfir á staðinn er hægt að sækja um akstursþjónustu.

Ýmsir viðburðir eru árlegir og / eða tilfallandi, svo sem grillveisla, kvöldvökur, haustfagnaður, þorrablót, dansleikir og leikhúsferðir. Allir viðburðir á vegum félags-miðstöðvarinnar eru auglýstir daglega í dálknum “Staður og stund” í Morgunblaðinu.

Frá Félagsmiðstöðinni Árskógum 4 er starfrækt félagsleg heimaþjónusta og stuðningsþjónusta fyrir Breiðholtshverfi.

Í húsinu er fót snyrting og hárgreiðsla á II. hæð. Við pantanir á tímum vinsamlega snúið ykkur til Fótaaðgerðastofu Húgrúnar Ólafsdóttur, sími 587-8841 og Hárgreiðslustofu Guðrúnar Magnúsdóttur, sími 587-8840.

Þjóðum nýja notendur sérstaklega velkomna á kynningar sem haldnar verða miðvikudaginn 4. október, kl. 11.00 og miðvikudaginn 11. október, kl. 15.00. Heitt kaffi verður á könnunni og vonumst við til að sjá sem flesta. Breiðholtsbúar eru hvattir til að koma í heimsókn, eða fá senda til sín dagskrá félagsmiðstöðvarinnar.

Félagsmiðstöðin Árskógum 4

sími 535-2700

tölvupóstur: kristjan.sigurmundsson@reykjavik.is

Heimasíða: <http://www.reykjavik.is>

HAUSTSTEMNING Í HÓLAGARÐI

art
innrömmun

Lóuhólum 2 - 6, Hólagarði
Símar: 567 5300 & 897 9810

**Persónuleg
þjónusta og
þægilegt umhverfi**

Sportvörur • Leikföng • Rítföng

Leiksport
Hólagarði

Sími: 557 5020

Vönduð tískuföt á góðu verði
Stærðir 36 - 50

Vefta
Tískuföt
Hólagarði - 557 20 10
www.vefta.is

Apótekið
lægra verð

BONUS
býður betur

Þú- um þig
SNYRTISTOFA
Hólagarði - Lóuhólum 2 - 6
S: 557 5959

Hreinn
EFNALAUG
HÓLAGARÐI
SÍMI 567 5050
FATAHREINSUN
OG PRESSUN
- Verið velkomin -
Persónuleg þjónusta

Boltinn í beinni
Lifandi tónlist
um helgar



S: 567 8444
Krá • Sportbar
Smurbrauðstofa • Snittur
Gullnáman

ÝR
HÁRSNYRTISTOFAN
HÓLAGARÐI
Sími 557 2653

Gjafavörur, snyrtivörur og fylgihlutir í úrvali

Snyrtivöruverlsunin

Maná

Sími: 557 1644

Blómabúð
Michelsen
Sími: 557 3460

Mán. - Fimt.	10 - 19
Föstudaga	10 - 20
Laugardaga	10 - 19
Sunnudaga	13 - 16

Nú segjum við stopp!

Refsingar við umferðalagabrotum endurskoðaðar og vegakerfið bætt

Baráttufundir voru haldnir á sjö stöðum víðs vegar um landið sl. fimmtudag til að sporna gegn þeirri bylgu banaslys sem hafa orðið að undanfögnu. Átta banaslys urðu í ágústmánuði, og eitt nú nýverið í september, en alls hafa 20 manns látið í umferðinni, eða fleiri en á öllu síðasta ári. Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, sagði í Hallgrímskirkju, að taka yrði á því ofbeldi sem blasti við vegfarendum í umferðinni nánast daglega og liður í því væri að endurskoða refsingar við umferðalagabrotum. Flýtt verður sérstökum umferðaröryggisaðgerðum á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi og hefur Vegagerðin þegar fengið fyrirmáli þar að lútandi.

Sigurður Helgason hjá Umferðarstofu var spurður hvort þetta umferðaráttak væri ekki of seint á ferðinni, mestu ferðahelgar sumarins væru að baki og reynslan sýndi að ágústmánuður væri mesti slysamánuðurinn, þá væru venjulega flest banaslys.

„Við höfum auglýst mjög mikið á þessum tíma undanfarin þrjú ár en nú kom sú stund að öllum blöskraði, ekki bara okkur sem erum að vinna að bættri umferðarmenningu, heldur almenningi í landinu. Við reynum því að finna rétta augnablikði til þess að vekja hughrif meðal fólks og fá það til þess að vinna með öllum þeim sem koma að þessu starfi, s.s. Umferðarstofu, samgönguráðuneyti, félög og stofnanir. Það urðu 8 banaslys í ágústmánuði og við vildum gefa okkur eina viku í viðbót til þess að undirbúa þetta vel og ná góðu samspiili með fjölmiðlum. Við erum að ná eyrum fólks og við viljum fá helst alla til að undirrita yfirlýsinguna sem er á vefnum www.stopp.is því það skiptir hvern og einn máli að hafa ákveðin markmið og vilja, því við vitum aldrei hvern slysinn hitta næst.“

- Þessi hraðakstur hefur verið miklu meiri en undanfarin ár, ekki bara fjöldinn heldur ekki síður hraðinn sem bifreiðar eru að mæl-ast á, jafnvel 200 km hraði. Sumir



Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, flytur ávarp sitt í Hallgrímskirkju. Aftan við hann standa skátar úr Kópavogi með 19 þjóðfána sveipaða sorgarslæðu, eða jafnmargir þeim og þá höfðu látið lífið í umferðinni.

vilja halda fram að aukin eiturlýfjaneysla í þjóðfélaginu eigi sinn þátt í því. Er eitthvað til í því?

„Það liggur alveg ljóst fyrir að þarna er ekki hægt að benda á eina einfalda skýringu. Sérfræðingar á heimsvísu benda á að efnahagsleg þennsla í þjóðfélaginu leiði til aukinnar spennu, það ekur hraðar og þá verða fleiri banaslys. Við vitum líka að vegirnir eru misgóðir, en þrátt fyrir það hefur verið gerð bylting í vegamálum á Íslandi frá því að hér voru mjög ófullkomnir malarvegir í það að vera tiltölulega ófullkomnir vegir með bundnu slitlagi. Því hafa samgönguráðherra og forsætisráðherra lýst því yfir að vegirnir í nágrenni höfuðborgarinnar verði bættir þar sem flest banaslysin verða. Að aka á þessum vegum á næstum 200 km hraða segir mér bara að það er kraftaverk hvað verða fá banaslys í umferðinni.“

- Eru íslenskir öikumenn verri en erlendir? Þar sérðu yfirleitt ekki tekið af stað á gulu ljósi, bílar þar nema staðar við boðmerki en aka ekki yfir það við umferðarljós eins og oft gerist hérlendis, margir aka vinstra megin þar sem um tvær samhlíða akreinar er að ræða og hleypa ekki umferðinni fram úr sér.

„Á Íslandi er ekki nógu mikill agi á fólki, þetta er m.a. afleiðing þess. Við höfum ekki nógu mikinn aga á börnunum okkar, og það er tímabært að velta því fyrir sér hvað við erum að gera. En foreldrar eru þó meðvitaðri en áður hvað er að gerast í skólunum og í umhverfi barnanna. En við þurfum að horfa mjög vel til samfélagsagans, viljans á heimilunum til þess að hlutirnir séu í góðu lagi. Þar byrjar þetta allt, og endar.“

- Hefurðu trú á því að með þessu átaki sé verið að snúa þessari óheillabróun við?

„Við getum náð toppárangri, og höfum sýnt það. Á síðasta áratug voru þrjú ár þar sem Ísland var númer eitt í heiminum hvað varðar að koma í veg fyrir dauðaslys. Hér voru fæst dauðaslys miðað við 100 þúsund íbúa. En við verðum alltaf að vera á tánum og reyna að ná eyrum fólks og reyna að fá það með okkur. Umferðin er eins og tannhjól sem þarf að ganga vel smurt og eðlilega. Í hvert einasta skipti sem einhver tönn brotnar í tannhjólinu fer illa. Okkar afl er fólkið, viðhorf þess til sjálfs síns, umhverfisins, samferðarmannanna og samfélagsins. Það er það sem skapar öruggari umferð,“ segir Sigurður Helgason.



Haustæfingarnar hafnar

Haustæfingar skíðadeildar ÍR eru hafnar að fullum krafti. Haustæfingarnar byggja á styrktar- og þrekæfingum til að undirbúa skíðaiðkendur fyrir æfingar vetrarins á snjó. Lögð er áhersla á fjölbreyttar æfingar úti og inni. Iðkendum er skipt í fjóra flokka, 8 ára og yngri, 9-10 ára, 11-12 ára og 13 ára og eldri. Æfingarnar eru á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum hjá eldri iðkendum

en 8 ára og yngri eru á laugar- dagsmorgnum. Nánari upplýsingar um æfingatíma er að finna á heimasíðu deildarinnar www.irsida.is/skidi. Það að stunda íþrótt og útivist með börnum sínum er góð forvörn sem allir ættu að nýta sér. Skíðadeild ÍR hvetur áhugasama til að prófa að koma á skíðaæfingu hjá deildinni.

Byrjendanámskeið hafin af fullum krafti

Byrjendanámskeið hjá Taekwondo deild ÍR hófust þann 9. jan. fyrir fullorðna og börn á aldrinum átta til tólf ára.

Mikill kraftur er í starfi Taekwondo deildarinnar um þessar mundir og iðkendum fjölgar stöðugt. Taekwondo er spennandi, skemmtileg og fjölbreytt íþrótt þar sem flestir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Íþróttin hentar bæði körlum og konum á öllum aldri.

Taekwondo er kóreisk bardagalist sem varð formlega til um miðja 20. öldina en byggir á þekkingu og hefðum sem hafa verið hundruð og jafnvel þúsundir ára að þróast. Taekwondo er ólympísk íþrótt sem er í stöðugum vexti um allan heim í dag. Taekwondo er skemmtilegt og gefandi áhugamál sem hjálpar þér að temja þér heilbrigðan lífsstíl.

Í haust opnaði Taekwondo deildin nýja og glæsilega heima-

síðu. Síðan er hönnuð og forrituð af danska hugbúnaðarfyrirtækinu Eidola.com. Á síðunni má finna allar upplýsingar um Taekwondo og starf deildarinnar, fréttir af starfinu, flottar myndir, spjall og margt fleira. Einnig bjóðum við upp á sérstaka krakkasíðu þar sem krakkar og foreldrar geta fundið ýmsar gagnlegar upplýsingar.

Slóðin á síðuna er: www.irtaekwondo.net

Æfingatímar hjá byrjendum eru eftirfarandi:

- Börn: Mánudaga kl. 18.00-18.50 Fimmtudaga kl. 18.00-18.50
- Fullorðnir: Mánudaga kl. 19.00-20.30 Miðvikudaga kl. 19.00-20.30 Fimmtudaga kl. 19.00-20.30 Laugardaga kl. 13.00-14.30

Sportvörur, leikföng og ritföng í úrvali

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

Umboð fyrir Happpdrætti Háskóla Íslands, SÍBS og DAS

KODAK-framköllun frá kr. 1070.-

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

Spennandi handbolta tímabil framundan

Í lok september hefst leiktíðin hjá handboltanum. Þjálfarateymi ÍR var tekið tali af því tilefni og rætt var um komandi leiktíð. Þjálfarar ÍR eru þeir Erlendur Ísfeld, þjálfari og Ólafur Sigurjónsson, aðstoðarþjálfari og tóku þeir við liðinu síðastiððið vor. Báðir eru þeir flestum ÍR-ingum kunnir fyrir bæði öfluga þjálfun og spíla-mennsku í gegnum árin.

Undirbúningstímabilið hefur gengið mjög vel samkvæmt þjálfur-um. Í júní var lögð áhersla á grunn líkamlega þjálfun með styrktaræf-ingum og hlaupum þar sem liðið byrjaði daginn klukkan 6 á morgn-anna. Hlé var gert á reglulegum æf-ingum í júlí en engu að síður voru settar kröfur um að leikmenn æfðu sjálfir. Lokatörnin hófst 31. júlí þar sem liðið er búið að æfa sjö til níu sinnum í viku með æfingum og leikjum. Liðið tók þátt í tveim mót-um á þessu tímabili. Reykjavík Open þar sem liðið var ekki með fullskípað lið en átti tvö naum töp fyrir úrvalsdeildarliðum og tvo ör-ugga sigra á móti fyrstu deildar lið-um. Á Sjallamótinu lentu þeir í öðru sæti þar sem gerð voru tvö jafntefli og unnu einn leik en vorum í raun klaufar að vinna ekki alla þessa leiki. Á síðustu dögum höfum við tekið æfingaleiki við nokkur lið og gengið nokkuð vel. Síðan stefnir lið-

ið á að fara erlendis í æfingaferð næstkomandi janúar þegar gert verður hlé á deildinni á meðan að heimsmeistaramótinu stendur.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á leikmannahópi liðsins fyrir komandi leiktíð. Annað árið í röð er mikið um brottföll leikmanna til er-lendra liða. Þeir Hafsteinn, Tryggvi, Karl, Gísli, Ísleifur og Þorleifur fóru frá félaginu eftir síðasta tímabil þar af fimm til erlendra liða. Slíkar mannbreytingar hafa það í för með sér að byrja verður nánast frá gunni að endurbyggja liðið. Af þeim leikmönnum sem voru í byrjunar-liði ÍR í upphafi tímabilsins í fyrra er hugsanlega einn sem kemur til með að vera í byrjunarliðinu núna. Fyllt verður í skörð þeirra leik-manna sem fóru en gera verður ráð fyrir því að það taki tíma. Liðið hefur fengið töluverðan liðsstyrk fyrir þessa leiktíð. Leikmenn á borð við Jón Heiðar úr HK (línumaður) sem er stóri bróðir Karls sem spilaði á síðustu leiktíð hjá ÍR, Hjörleifur úr FH (línumaður), Brynjar „Tazmani-an“ Steinarsson (skytta), Ólafur Sigurgeirsson úr KA (vinstra horn), Þorgils frá Vestmannaeyjum (mark), Ivan Jovanovic (hægri skyt-ta) og Guðmundur Karl úr Fylki (mark) koma til með að styrkja lið-ið gríðarlega. Ekki má gleyma því að mikið er af leikmönnum í yngri

flokkum sem eru að koma upp í meistaraflokk á komandi árum þannig að framtíðin er mjög björt hjá félaginu. ÍR virðist halda áfram að fjöldaframleiða leikmenn eins og það hefur gert undanfarin ár.

Hvað varðar markmið liðsins þá horfum við á að spila eins vel og við getum hverju sinni. Við viljum leyfa deildinni að þróast með okk-ur. Áherslur vetrarins verða ein-faldur en árangursríkur handbolta þar sem lagt verður upp með að spila öfluga vörn og markvörslu. Fyrir þá sem ekki hafa kynnt sér fyrirkomulag deildarinnar í vetur þá eru átta lið í efstu deild þar sem spíluð verður þreföld umferð. Spil-að er heima og að heiman í fyrstu og annarri umferð en dregið er um heimleikina í þriðju umferð. Þau tvö lið sem lenda í neðsta sæti falla beint niður í 1. deild að ári.

Komið hefur verið á föstum leik-tíma að mestu sem verða á sunnu-dögum kl. 16:00. Föstu leiktímarnir ættu að gera stuðningsmönnum auðveldara fyrir að skipuleggja tíma sinn til að mæta og styðja sitt félag og ekki er hægt að líta fram hjá því að þetta er mjög fjölskyldu-væn tímasetning. Liðið býður spennt eftir því að hefja deildina og skemmta áhorfendum og vonumst við til þess að sjá sem flesta í vetur mæta og styðja sitt lið.

Vinamót hjá 7. flokki



Vinamót hjá 7. fl. karla í knattspyrnu var haldið laugardaginn 19. ágúst. Þrjú lið komu í heimsókn en það voru FH, HK og Fram ásamt ÍR sem tóku þátt. Fjögur lið voru frá hverju félagi þannig að þarna voru saman komnir um 140 keppendur.

Nokkuð langt er síðan að foreldrar flokksins ákváðu að gera eitthvað fyrir strákana sína hvað knattspyrnu varðar og varð þetta mót fyrir valinu. Eins og kannski margir vita sem til þekkja, fá þessir strákar aldrei að spila á móti á sínum

heimavelli allt sumarið og var það kannski ein af ástæðum þessa móts. Hver vill ekki spila á sínum heima-velli eftir að hafa æft og puðað þar allt árið? Mót þetta tókst með ein-dæmum vel. Skipulagning var mjög góð og eiga allir, sem komu að und-irbúningi og vinnu við mótið, skilið hrós fyrir vel unnin störf. Keppend-ur, þjálfarar og ekki síst foreldrar voru hininlifandi hvernig að þessu móti var staðið og sögðu sumir að þetta væri besta mót sem haldið hafi verið hjá ÍR, frábært hjá okkur. Kostnaður var í algjöru lágmarki fyr-

ir hvern þátttakenda enda var ekki hugsað um að græða sem mest en það hefur stundum viljað loða við að nota mót hjá krökkum til að fjár-magna deildir félaganna og eru sum-ir foreldrar farnir að tala um að kostnaður á sumum mótum sé kom-inn langt út fyrir öll velsæmismörk. Eftir að leikirnir voru búnir fengu all-ir keppendur grillveislu sem var styrkt af SS og fá þeir þakkir fyrir en einnig má nefna fyrirtæki eins og Egil Skallagrímsson og Vífilfell sem gerðu okkur kleift að gera þetta mót að veruleika.

Fjöldi meistaratitla

Öldungameistaramót Íslands í frjálsíþróttum fór fram á Varmár-velli helgina 12. til 13. ágúst. Keppt var í flokkum 30 ára og eldri hjá kon-um og 35 ára og eldri hjá körlum og var yngsti keppandinn 31 árs en sá elsti 77 ára gamall. Alls voru þátttak-endur 51 frá 9 félögum og er þetta eitt fjölmennasta Öldungameistara-mót sem haldið hefur verið.

ÍR-ingara unnu til fjölda Íslands-meistaratitla og höfnuðu í öðru sæti stigakeppninnar með 208 stig á eftir FH-ingum sem fengu 297 stig en FH-

ingar áttu flesta keppendur eða 18 talsins.

Ellefu eldri iðkendur frá ÍR kepptu með Jón H. Magnússon í broddi fylk-ingar en hann er nýbakaður Evrópu-meistari í sleggjukasti, kringlukasti og lóðkasti. Helstu úrslit voru þau að Jón H. sigraði í kúluvarpi og sleggjukasti, Jón Þ. sigraði í kúlu-varpi og kringlukasti, Björgvin Þór sigraði í kúluvarpi og kringlukasti og varð fjórði í langstökki og 100 metr-um. Agnar Steinarsson sigraði í lang-stökki, 100 metra, 400 metra, í



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: iradal@isholf.is

ÍR í úrvalsdeild



Meistaraflokkur kvenna náði sögulegum árangri og leikur í úrvals-deild að ári. Hér eru stelpurnar ásamt þjálfurum. ÍR-stelpur eru komnar í hóp hinna bestu. Það var sannarlega ánægjulegt að fylgjast með meistaraflokki kvenna á ÍR-vellinum í Mjódd 14. sept. s.l., þegar þær tóku á móti norðanstúlkum í KA/Þór. ÍR-ingarnir voru talsvert sterkari og áttu þó nokkur góð færi. Baráttan var í fyrirrúmi og hvergi gefið eftir. Og uppskeran var eftir því þegar Bryndís Jóhann-esdóttir skoraði fyrir ÍR-inga í fyrri hálfleik. ÍR-ingarnir voru sterkari aðilinn, gættu vel að andstæðingum í vörninni, voru sterkar á miðj-unni og áttu skæðari framherja. Þó var greinilegt að margir leikir að undanförmu voru farnir að taka sinn toll í þreytu og meiðslum.

Nýir félagar velkomn-ir í skokkhóp ÍR

Skokkhópur ÍR starfar af fullum krafti allt árið. Nýir félagar eru alltaf velkomnir en best hefur haldist á þeim nýliðum sem byrja að hausti. Því er upplagt að mæta í hópinn nú á haustdögum. Mæting við ÍR-heim-ilið við Skógarsel mánudaga og mið-

vikdaga kl. 17:30. Allir velkomnir en æfingar miða þó við að einhver grunnur sé fyrir hendi. Þeir sem geta skokkað rólega í 20 mínútur eða lengur eiga fullt erindi í hópinn. Allar upplýsingar gefur Gunnar Páll Jóakimsson, gpj@ismennt.is.

Myndir í afmælisrit ÍR

Nú stendur yfir myndasöfnun í rit sem segir sögu Íþróttafélags Reykja-víkur í 100 ár. Ef lesendur búa yfir myndum sem tengjast sögu félags-ins er vel þegið að viðkomandi hafi samband við framkvæmdastjóra fé-

lagsins í síma 587 7080. Sérstaklega er leitað eftir myndum frá fyrstu árum ÍR í Breiðholti, þ.e. þegar fé-lagið hóf starfsemi í Breiðholti upp úr 1970.

Íþróttaskóli í ÍR

ÍR býður börnum á leikskóla-alldri upp á Íþróttaskóla. Það eru börn fædd árin 2000-2003. Íþróttaskólinn er á þriðjudögum, 3 til 4 ára kl.:15:50-16:30 (laust) og 16:30-17:10 (fullt) og 5 til 6 ára kl. 17:10-17:50 (örfá pláss laus).

Kennt er til 3. apríl og fer kennsl-an fram í ÍR heimilinu Skógarseli 12. Íþróttakennari er Eyjólfur Kol-beins.

Námskeiðsgjald er 12.500 kr. Tekið er við skráningu í síma 587-7080 eða í irafgr@simnet.is

Frúarleikfimin hafin á ný

Mánudaga og Miðvikudaga kl.17:30-18:30. Eyja Sigurjónsdóttir íþróttakennari. Verð: Stakur mánuður 3.000 kr. Tímabilið sept.-des. 10.000 kr. Skráning í síma 661-9500



GETRAUNANÚMER ÍR ER

109

Haustdagar í Mjódd

29. sept - 6. okt.

